


Jóladagatal Flötur 2025


1. Mýsla þarf að ljúka við stóra þríhyrninginn. Hvað vantar hana marga litla rauða þríhyrninga? Svarmöguleikar: 4, 5, 6 og 7



2. Nína á kassa af jólaaskrauti sem hún notar til að skreyta jólatréð sitt. Allar kúlurnar nema 6 eru bláar. Allar kúlurnar nema 6 eru grænar. Og allar nema 6 eru rauðar. Hve margar kúlur á hún af hverjum lit?



3. Jólakötturinn þarf hjálp við að raða tölunum 1-4 á rétta staði. Í hverri línu og hverjum dálki kemur hver tala fyrir einu sinni. Hvaða tala kemur í gula reitinn? > merkið hjálpar þér áleiðis.




4. Á einu verkstæði jólasveins við Norðurlandshöfn vinna fimm jólaálfar. Þeir eru 120, 165, 200, 244 og 284 ára. Nú fer elsti álfurinn á eftirlaun. Í staðinn kemur einn sprækur áttæður álfur og hefur störf. Hversu gamall er þá álfurinn sem er miðgildid í aldri þeirra?



5. Heitt súkkulaði og smákaka kosta samtals 1080 kr. Ef súkkulaðibollinn kostar 300 kr. meira en smákakan, hvað ætti maður þá að borga fyrir smákökuna?



6. Rúdólf ætlar að mála þessa reiti í hnitakerfinu: D1, C3, B5, C1, D4, B1, D5, B3, C5 og D3. Hann hefur nú þegar málað reitinn B2. Hvaða tala kemur í ljós?



7. $\text{Tree} + \text{Bear} + \text{Tree} = 19$
 $\text{Boy} + \text{Boy} + \text{Snowflake} = 12$
 $\text{Snowflake} - 3 = \text{Bear}$
 $\text{Boy} = \text{Snowflake}$
 $\text{Snowflake} + \text{Bear} + \text{Tree} = ?$


8. Í ár notaði Dagmar helminginn af peningaupphæðinni sem Pétur notaði í jólagjafir. Camilla eyddi hins vegar þrisvar sinnum þeirri upphæð sem Dagmar notaði. Þau eyddu samtals 7200 kr. Hve háa upphæð notaði hvert þeirra?



9. Berta og Hemmi voru bæði fædd á aðfangadag. Þegar Berta var 6 ára, var Hemmi helmingi yngri en hún. Hve gamall verður Hemmi á aðfangadag ef Berta heldur upp á 100 ára afmælisdaginn sinn þá?



10. Getur þú lagt saman tölurnar og fundið út húsnúmer snjókarlsins og jólasveinanna sem eru við húsin?



11. Amma jólasveinanna á jólabækur og uppskriftabækur. Samtals á hún 56 bækur. Hún á 14 fleiri jólabækur en uppskriftabækur. Hvað á hún margar uppskriftabækur og hve margar jólabækur?




12. Mamma jólasveinsins á afmæli. Stórt kerti þýðir 10 ár. Lítið kerti þýðir 1 ár. Hversu gömul er mamma jólasveinsins?



13. Þú stendur í röð til að pakka inn jólagjöf. Þú ert númer sjö í röðinni. Ef þú byrjar að telja frá þeim aftasta í röðinni ertu líka númer sjö. Hversu margir eru í röðinni?



14. Hjalti og Erna hengja upp jólaljós úr tveimur kössum. Alls eru 300 ljós. Þau byrja að hengja upp á sitt hvorum endanum og hengja 70 ljós hvort um sig. Þá á Erna 3 sinnum fleiri ljós eftir úr sínum kassa miðað við Hjalta. Hversu mörg ljós voru í kassanum hennar Ernu í upphafi?



15. Myndin sýnir fimm jafnstóra hálfhringi og lengdir á milli þeirra. Hversu langur er geisli eins hálfhrings? Svarmöguleikar: 12, 16, 18, 22 og 36



16. Í Jólasveinabúðinni er skipt á vörum eins og sýnt er í græna rammanum. Rúdólf á 6 jólasveinahúfur. Hann vill skipta á öllum jólasveinahúfunum þannig að hann fái bara jólastafi í staðinn. Hvað fær hann marga jólastafi?



17. Jólasveinninn er að leika sér með tölur. Hann skrifar niður jákvæða tveggja stafa heiltölu. Síðan skrifar hann niður aðra slíka tölu. Mismunurinn á tölunum tveimur verður að vera 50. Hversu mörg slík pör getur jólasveinninn skrifað niður?



18. Jólasveinninn þarf að finna út hvað hann getur hlaðið mörgum gjöfum á sleðann sinn. Hann er með 8 hreindýr og hvert þeirra getur borið 80kg. Jólasveinninn er 85kg og sleðinn er 180kg. Ef hver gjöf er 3kg, hvað kemur hann þá mörgum gjöfum á sleðann?



19. Um tvær ólíkar tölur gildir að þversumma tölunnar er helmingurinn af tölunni sjálfri. Önnur þessara talna er núll. Hver er hin talan sem þetta gildir um? Vísbanding: Þversumma er þegar þú leggur alla tölustafi tölunnar saman, t.d. er þversumma tölunnar 223 reiknuð $2+2+3 = 7$ en talan sem við leitum að er ekki svona stór




20. Jólasveinninn hefur ákveðið að skrifa niður allar tölur sem hafa eftirfarandi eiginleika:
- fyrsti stafurinn í tölunni er 1
 - sérhver tölustafi í tölunni er að minnsta kosti jafn stór og sá á undan
 - þversumma tölunnar er 5
- Hversu margar tölur skrifaði jólasveinninn? Valmöguleikar a) 4 b) 5 c) 6 d) 7



21. Jólasveinastelpan ætlar að kasta einum teningi. Hún veltir því fyrir sér hversu oft hún þarf að kasta teningnum til að vera viss um að fá sömu töluna tvisvar. Hversu oft þarf jólasveinastelpan að kasta teningnum?




22. Rétthyrningurinn ABCD samanstendur af fjórum jafnstórum rétthyrningum. Hliðin BC er 10 cm að lengd. Hversu löng er hliðin AB?



23. 10 börn eru að leika sér í snjónum. Hversu mörg börn eru inni í snjóhúsinu?



24. Litla myndin sýnir hvernig lasergeisli endurspeglast í spegli. Rúdólf gerir tilraun (Sjá stærri mynd). Á hvaða bókstaf mun lasergeislinn lenda?




Jóladagatal Flatar 2025

Laysnir

1.

Svar: Mýsla þarf 6 litla þríhyrninga til þess að ljúka við þann stóra




2.

Svar: þrjár kúlur af hverjum lit



3.

Svar: 2



4.

Svar:
miðgildi með ungaspræka jólasveininum er 165
miðgildi áður en ungispræki mætir er 200
miðgildi af öllum jólasveinunum er 182,5




5.

Svar: smákakan kostar 390 kr.



6.

Svar: talan 5




7.

Svar: 14



10.

Svar:
Jólafrú: 19
Snjókarl: 20
Jólaherra: 22



15.


Svar: 18



16.

Svar: 18

$$x = (6 \cdot 2 \cdot 3) / 2$$



20.

Svar : B) 5

tölurnar eru 1111, 1112, 113, 14 og 122




21.

Svar: hún þarf að kasta teningnum 7 sinnum



22.

Svar: 20 cm
 $10 + 5 + 5 + 10 = 20$




23.

Svar: 6 börn eru inni í snjóhúsinu.



24.

Svar: B



11.

Svar:
35 jólabækur
21 uppskriftabækur



12.

Svar: C, 75 ára




13.

Svar: 13 (það eru sex fyrir framan þig og sex fyrir aftan -> $6 + 6 + 1$)



14.

Svar: 190



19.

Svar: 18

Þversumma 18 er $1 + 8 = 9$ og 9 er einmitt helmingurinn af 18

